

ÁKVÖRDUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR
nr. 13/2002

frá 1. mars 2002

um breytingu á II. viðauka (Tæknilegar reglugerðir, staðlar, prófanir og vottun)
við EES-samninginn

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR,

með hliðsjón af samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, eins og hann var aðlagður með bókun um breytingu á samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, er nefnist hér á eftir samningurinn, einkum 98. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) II. viðauka við samninginn var breytt með ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 1/2002 frá 1. febrúar 2002⁽¹⁾.
- 2) Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 1553/2001 frá 30. júlí 2001 um breytingu á I. viðauka við reglugerð ráðsins (EBE) nr. 2377/90 þar sem mælt er fyrir um sameiginlega aðferð til að ákvarða hámarksmagn leifa dýralyfja í matvælum úr dýraríkinu⁽²⁾ skal felld inn í samninginn.
- 3) Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 1680/2001 frá 22. ágúst 2001 um breytingu á I. og II. viðauka við reglugerð ráðsins (EBE) nr. 2377/90 þar sem mælt er fyrir um sameiginlega aðferð til að ákvarða hámarksmagn leifa dýralyfja í matvælum úr dýraríkinu⁽³⁾ skal felld inn í samninginn.
- 4) Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 1815/2001 frá 14. september 2001 um breytingu á I., II. og III. viðauka við reglugerð ráðsins (EBE) nr. 2377/90 þar sem mælt er fyrir um sameiginlega aðferð til að ákvarða hámarksmagn leifa dýralyfja í matvælum úr dýraríkinu⁽⁴⁾, eins og hún var leiðrétt með Stjtið. EB L 268, 9.10.2001, bls. 50, skal felld inn í samninginn.
- 5) Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 1879/2001 frá 26. september 2001 um breytingu á II. viðauka við reglugerð ráðsins (EBE) nr. 2377/90 þar sem mælt er fyrir um sameiginlega aðferð til að ákvarða hámarksmagn leifa dýralyfja í matvælum úr dýraríkinu⁽⁵⁾ skal felld inn í samninginn.

⁽¹⁾ Stjtið. EB L 88, 4.4.2002, bls. 1 og EES-viðbætur við Stjtið. EB nr. 18, 4.4.2002, bls. 1.

⁽²⁾ Stjtið. EB L 205, 31.7.2001, bls. 16.

⁽³⁾ Stjtið. EB L 227, 23.8.2001, bls. 33.

⁽⁴⁾ Stjtið. EB L 246, 15.9.2001, bls. 11.

⁽⁵⁾ Stjtið. EB L 258, 27.9.2001, bls. 11.

ÁKVEDIÐ EFTIRFARANDI:

1. gr.

Eftirfarandi undirliðir bætist við í 14. lið (reglugerð ráðsins (EBE) nr. 2377/90) í XIII. kafla II. viðauka við samninginn:

- „- **32001 R 1553:** Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 1553/2001 frá 30. júlí 2001 (Stjtið. EB L 205, 31.7.2001, bls. 16),
- **32001 R 1680:** Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 1680/2001 frá 22. ágúst 2001 (Stjtið. EB L 227, 23.8.2001, bls. 33),
- **32001 R 1815:** Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 1815/2001 frá 14. september 2001 (Stjtið. EB L 246, 15.9.2001, bls. 11), eins og hún var leiðrétt með Stjtið. EB L 268, 9.10.2001, bls. 50,
- **32001 R 1879:** Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 1879/2001 frá 26. september 2001 (Stjtið. EB L 258, 27.9.2001, bls. 11).“

2. gr.

Texti reglugerða (EB) nr. 1553/2001, 1680/2001, 1815/2001, eins og hún var leiðrétt með Stjtið. EB 268, 9.10.2001, bls. 50, og 1879/2001 á íslensku og norsku, sem verður birtur í EES-viðbæti við *Stjórnartíðindi Evrópubandalaganna*, telst fullgiltur.

3. gr.

Ákvörðun þessi öðlast gildi hinn 2. mars 2002, að því tilskildu að allar tilkynningar samkvæmt 1. mgr. 103. gr. samningsins hafi verið sendar sameiginlegu EES-nefndinni(*).

(*) Engin stjórnskipuleg skilyrði gefin til kynna.

4. gr.

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild og EES-viðbæti við *Stjórnartíðindi Evrópubandalaganna*.

Gjört í Brussel 1. mars 2002.

*Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar
Formaður*

P. Westerlund

*Ritarar
sameiginlegu EES-nefndarinnar*

P.K. Mannes M. Brinkmann